

# Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

## Fundur

Fundur haldinn í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra þriðjudaginn 15.12. 2011 á Sauðárkróki. Mættir eru undirritaðir, auk Sigurjóns Þórðarsonar framkvæmdastjóra og Steinunnar Hjartardóttur

---

### Dagsskrá:

1. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.
2. Hækkun á gjaldskrá Heilbrigðiseftirlitsins um 5%.
3. Fjárhagsáætlun 2012.
4. Starfsleyfi fyrir Norlandia, Ólafsfirði.
5. Samþykkt Heilbrigðisnefndar í kjölfar ábendingar forstjóra Umhverfisstofnunar.
6. Samþykkt um fráveitur og rotþrær í Fjallabyggð
7. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Lögð fram gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi. Heilbrigðisnefnd samþykkir framlagða gjaldskrá
2. Lögð fra tillaga að hækkun á gjaldskrá Heilbrigðiseftirlitsins um 5%. Tillagan samþykkt.
3. Fjárhagsáætlun 2012  
Rætt um bréf frá Umhverfisstofnun dags. 13.12.2011 þar sem tilkynnt er um uppsögn samninga um framsal eftirlits frá 1.1.2012. Stjórn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra mótmælir þeirri ákvörðun sem þar er kynnt og sérstaklega hversu seint þessi einhliða ákvörðun er tilkynnt. Stjórnin furðar sig á því að þessi ákvörðun hafi ekki verið kynnt þegar forstjóri UST kom í heimsókn til fundar við nefnda 22. nóvember sl. Framkvæmdastjóra falið að kynna SSV og SIS þá stöðu sem kominn er upp í samskiptum UST og heilbrigðisnefndar.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir 2012

<b>Rekstrartekjur áætlaðar</b>	<b>31.800.000</b>
Framlag sveitarfélagana	10.900.000
Heilbrigðiseftirlitsgjöld	18.400.000
Sértekjur	2.500.000

**Rekstrarkostnaður:** **31.800.000**  
Fjárhagsáætlun samþykkt

4. Norlandía á Ólafsfirði hefur sett upp mengunarvarnarbúnaðað en Heilbrigðiseftirlitinu hafa þó borist kvartanair á síðustu vikum vegna lyktar og staðfestir heilbrigðisfulltrúi að enn berist af og til ólykt frá fyrirtækinu. Almennu hefur þó lyktin frá fyrirtækinu batnað mjög á frá því að búnaðurinn var settur upp. Niðurstaða nefndarinnar er að veita fyrirtækinu starfsleyfi til bráðabirgða til 1.6.2012. Heilbrigðisnefndin óskar eftir því við forsvarsmenn Norlandia að þeir skili inn greinargerð fyrir 2. 5. 2012 um virkni hreinsibúnaðarins og aðrar aðgerðir sínar við að stemma við lyktarmengun.

5. Afgreiðslu frestað.
6. Lögð fram samþykkt um fráveitur og rotþrær í Fjallabyggð . Nefndin gerir ekki athugasemdir við framlagð áætlun.
7. Önnur mál.  
Ýmisleg rætt en ekkert bókað.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Elín Þorsteinsdóttir í síma  
Guðrún Helgadóttir  
Ina Björk Ársælsdóttir

Valgarður Hilmarsson  
Steinar Svavarsson